

Starfsmannafélag Mosfellsbæjar
b.t Gísla Snorrasonar
Háholti 14, 2. hæð.
Pósthólf 275
270 Mosfellsbæ

9. desember 2002

Varðar: kjarasamningsákvæði 5.7.7.2

Starfsmannafélag Mosfellsbæjar óskaði eftir því með bréfi, dags. 20. nóvember 2002 að réttindanefnd BSRB skoðaði rétt starfsmanns til að fá greiddan ferðakostnað þegar hann kemur á eigin bíl í vinnuna kl. 06:30 og jafnframt hver sé réttur starfsmanns til ferðakostnaðar sem býr utan 1,5 km (loftlínu) frá vinnustað, en hafði búið innan hennar við ráðningu.

Kjarasamningsákvæði 5.7.7.2. segir svo:

„Hefjist vinnutími starfsmanns, eða sé hann kallaður til vinnu á þeim tíma, sem almenningsvagnar ganga ekki skal honum séð fyrir ferð eða greiddur ferðakostnaður. Sama gildir um lok vinnutíma. Þó er ekki greiddur ferðakostnaður til þeirra sem búa innan 1,5 km (loftlínu) frá fóstum vinnustað.“

Varðandi fyrri spurninguna þá er það álit réttindanefndar að vinnuveitandi eigi að sjá starfsmanni fyrir ferð þurfi hann að mæta til vinnu á þeim tíma sem almenningsvagnar ganga ekki. Sjái vinnuveitandi starfsmanni ekki fyrir ferð á starfsmaður rétt á greiðslu ferðakostnaðar.

Hvað seinni spurninguna varðar þá getur réttindanefnd ekki séð að á þessu sé tekið með skýrum hætti í kjarasamningi félagsins. Svo virðist sem ákvæði 5.7.7.2. nái ekki til þessa tilviks. Samkvæmt ákvæði 5.7.7 eru forsendur fyrir þessum greiðslum þær að almenningsvagnar séu ekki starfandi. Til þess að réttindanefnd geti gefið álit sitt á þessu þurfa að liggja fyrir frekari gögn um hvað samningsaðilar hafa samið um þegar tilvik sem þessi koma upp.

F.h. réttindanefndar BSRB

Erna Guðmundsdóttir, hdl.